

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um þóknun til yfirskattanefndarmanna. — Með brjefi, dags. 6. nóv. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer reikning yfir kostnað í lögreglumáli gegn Einari Sigurðssyni, að upphæð 11 kr. og reikning fyrir setu yðar og tveggja annara manna í yfirskattanefnd vorið 1889, að upphæð 6 kr., og hafið þjer mælt til, að upphæð reikninga þessara, 17 kr., verði send til landfógetans upp í opinber gjöld af yðar hendi. 5
18. jan.

Út af þessu skal yður hjermeð tjáð, að þar sem yfirskattanefndarmenn samkvæmt 21. gr. laga nr. 23, 14. des. 1877, sbr. 33. gr. í tilsk. 4. maí 1872 að eins fá þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga þá daga, sem þeir verða að vera burtu frá heimilum sínum til að sitja á fundum, en það sjest eigi, að þjer eða hinir aðrir skattanefndarmenn hafið þurft að takast neina ferð á hendur í þessu skyni, getur hinn síðarnefndi reikningur yðar eigi orðið borgaður að svöstöddu, og endursendist hann hjermeð; en upphæð hins fyrtaalda reiknings 11 kr. hef jeg samkvæmt tilmælum yðar ávísað landfógeta fyrir yðar hönd.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík, um endurgjald fyrir skemmdir á krossbandssendingu. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. þ. m., hafið þjer, herra póstmeistari, sent mjer erindi frá Sigfúsi bóksala Eymundssyni, þar sem hann ber sig upp undan því, að bókapakki nokkur í krossbandi, sem hann sendi með 11. ferð norðanpóstsins á síðastliðnu hausti, hafi skemmt af vætu, sem komið hafði í póstkoffortin á leiðinni, og fer þess á leit fyrir hönd móttakanda, verzlunarmanns Theodors Ólafssonar á Borðeyri, að skemmdir þessar verði endurgoldnar úr póstsjóði. 6
21. jan.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að þar sem engin lagaheimild er til þess, að endurgjalda krossbandssendingar eða skemmdir á þeim af póstsjóði, en í tilsk. 26. febr. 1872 13. gr., sbr. 2. gr. er beint tekið fram, að fyrir slíkar sendingar skuli engar skaðabætur greiða, verð jeg samkvæmt tillögum yðar að synja ofanefndri beiðni bóksala Sigf. Eymundssonar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vestur- amtinu um virðingar til húsaskatts á húsum í verzlunarstöðum, þar sem sýslumaður eigi á heimili. — Með brjefi þessu var fyrirspurnum amtmannsins í brjefi, dags. 14. jan. 1890, svarað þannig: 1. að sýslumönnum beri eigi sjerstakt endurgjald fyrir að veita forstöðu húsavirðingum í verzlunarstöðum samkvæmt lögum 14. des. 1877, sbr. reglug. 18. maí 1878, þótt þeir eigi þar ekki heimili; 2. að þeir geti ekki orðið skyldaðir til að greiða hreppstjórum þóknun fyrir að stýra slíkum virðingum fyrir þeirra hönd; 3. að þegar um nýjar húsavirðingar sje að ræða í verzlunarstöðum, þar sem sýslumaður eigi á heimili, megi álíta 3. gr. í reglugj. 18. maí 1878 fullnægt með því, að sýslumaður útnefni hreppstjóran til að vera annan virðingarmanninn, og beri hreppstjóranum þá sem útnefndum virðingarmanni lögákveðin þóknun fyrir starfa sinn. 7
29. jan.